



Opnað var fyrir ýmsa styrki í janúar. Umsóknarfrestir renna út í febrúar.

Opnað var í fjölmarga sjóði.
Sem dæmi þá var Nordplus áætlunin sem ætlað er að stuðla að samstarfi og gæðum í menntun á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum með opnið í alla sína 5 sjóði til 1. febrúar.

Þann 6. febrúar rennur síðan út umsóknarfrestur í Nýsköpunarsjóð námsmanna þar sem háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki geta sótt um að ráða námsmenn í grunnnámi og námi á meistarastigi við háskóla til sumarvinnu að rannsókna- og þróunarverkefnum í allt að þrjú mánuði.

ESC – sjálfbodaliðaverkefni og samfélagsverkefni tekur við umsóknum til 20. febrúar og það gerir líka náms- og þjálfunarhluti Erasmus + áætlunarinnar. Undir hana falla þrjú sjóðir: menntun, æskulýðsstarf og inngildingaráttak Discover EU.

Opnið var fyrir styrkumsóknir í sjö sjóði hjá Rannís og hvetjum við einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér þá vel. Umsóknarfrestur rennur út 15. febrúar en þó er alltaf opnið fyrir umsóknir í Fræ þróunarsjóð.

Fyrirtækjastyrkur – Vöxtur, Sprettur
Fyrirtækjastyrkur – Sproti
Hagnýt rannsóknarverkefni
Sprotasjóður leik-, grunn- og framhaldsskóla
Æskulýðssjóður
Fræ þróunarsjóður

Ferðamálafulltrúi Uppsveitana kvaddur

Ásborg Arnþórsdóttir hefur verið ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnæssýslu í yfir 20 ár og hefur sannarlega verið mikilvægur hlekkur í kynningu og uppbyggingu ferðþjónustu í Uppsveitunum. Ásborg ákvað að venda kvæði sínu í kross og hætti í starfi í byrjun janúar og ætlar nú að njóta lífsins með eiginmanni, börnum og barnabörnum. Sveitastjórar og oddvitar Uppsveitana óskuðu henni velfarnaðar og þökkunar fyrir vel unnin störf og buðu til kvöldverðar á Hótel Grímsborgum í tilefni þessa. Fjöldmörg ferðþjónustufyrirtæki notuðu tækifærið og sendu Ásborgu kveðju með þökk fyrir veitta aðstoð og ómetanlegan stuðning.

Magnað Mannamót

Það var líf og fjör á ferðakaupstefnunni Mannamót Markaðsstofanna sem fram fór í á fimmtudaginn 18. janúar sl. í Kórnum í Kópavogi. Byggðapróunarfulltrúi og fráfarandi ferðamálafulltrúi Uppsveitana voru á staðnum. Það var sannarlega gaman að sjá alla þá ferðþjónu sem mættu úr Uppsveitunum og notuðu tímann vel við að kynna vörur sínar og þjónustu. Aldrei hefur betri aðsókn verið á Mannamót og sóttu um 1400 manns kynninguna og voru tæplega 250 fyrirtæki að sýna vörur sínar. Þegar gengið var um bása Suðurlands var með sanni hægt að segja að Suðurland sé matarkista en eftirtektarvert var hve mörg fyrirtæki, sem voru að kynna sína þjónustu buðu upp á dýrindis kræsingar sem sýnir okkur líka hugmyndaauðgina sem hér ríkir á svæðinu



...meira næst!